

Hveragerðisbær
Guðmundur F Baldursson
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Reykjavík, 10. desember 2021
UST202111-163/A.B.
10.04.02

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017 - 2029 -
Fagrihvammur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017 – 2029 fyrir Fagrahvamm í Hveragerði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að svæðið verði verði skilgreint sem íbúðarsvæði, ÍB15 í stað athafnasvæðis AT3. Auk þess kemur fram að á reitnum verði heimildir fyrir íbúðarhús, atvinnuhúsnaði, bæði gróðurhús og ferðaþjónustu.

Einnig kemur fram í greinargerð að Varmá og bakkar hennar eru á náttúruminjaskrá í flokknum *aðrar náttúruminjar* og í tillögunni á að meta áhrif hennar á líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og geri ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur